

Áhættuþættir fyrir ofurábyrgðarkennd og árátu- þráhyggju

Jakob Smári¹, Davíð Rúrik Martinsson¹ og Hjalti Einarsson¹

¹Sálfræðideild, Háskóla Íslands

Útdráttur

Í rannsókninni var kannað hvort hvatvísi/ofvirknieinkenni (H/O) hafi tengsl við eða áhrif á árátu og þráhyggjueinkenni (Á/Þ). Enn fremur var kannað hvort ofverndun auki líkur á ofurábyrgðarkennd og Á/Þ í samræmi við tilgátu Salkovskis og féлага (Salkovskis o.fl., 1999). Loks var kannað hvort samvirkni væri á milli ofverndunar og H/O m.t.t. ofurábyrgðar og Á/Þ. Þetta var rannsakað í stóru úrtaki íslenskra ungmenna (N=570). Lögð voru fyrir eftirfarandi mælitæki: Árátu og þráhyggjuprófið (OCI-R), Ofurábyrgðarkenndarprófið (RAS), Kvíða og þunglyndiskvarði til notkunar á sjúkrahúsum (HADS), Próf fyrir uppeldishætti foreldra (EMBU) og samtíma og fortíðareinkenni athyglisbrests með ofvirkni. Það var undirskvarði hvatvísi/ofvirkni (H/O) sem notaður var úr síðastnefnda prófinu. Ofverndun spáði fyrir um ofurábyrgð og Á/Þ. Einkenni H/O gerðu það líka. Loks kom í ljós samvirkni á milli einkenna hvatvísi/ofvirkni og ofverndunar. Hún benti til þess að H/O tengist fremur Á/Þ og ofurábyrgðarkennd þegar fólk hefur notið lítillar fremur en mikillar ofverndunar í uppvextinum. Jafnframt tengdist ofverndun einkennum Á/Þ og ofurábyrgðarkennd hjá þeim sem höfðu einkenni hvatvísi/ofvirkni í litlum mæli, en ekki hjá þeim sem höfðu þau í ríkum mæli. Niðurstöður benda til þess að misræmi á milli „þarfar“ fyrir stjórn foreldra og þeirrar sem veitt er sé meðal þess sem skipti máli í þróun árátu og þráhyggjueinkenna.

Inngangur

Undanfarið hafa verið ýmsar skoðanir uppi um hvar beri að finna árátu og þráhyggjuröskun stað. Ýmislegt bendir til þess að hún eigi ekki mjög vel heima með öðrum kvíðaröskunum. Settar hafa verið fram tilgátur um tengsl árátu og þráhyggju við hugrofsraskanir, geðrofsraskanir, hvatvísiraskanir, lyndisraskanir, en einnig um hlut viðbjóðs fremur en kvíða a.m.k. í þvottaárátu. Lögð hefur verið

áhersla á að meiri rannsókna sé þörf áður en árátu og þráhyggjuröskun verður raðað í DSM-V (Watson, 2005). Samhliða hafa komið fram hugmyndir og allgóð rök fyrir því að árátta og þráhyggja sé samheiti yfir lítt skyld fyrirbæri. Í þessari gerjun hefur hugmyndum um svonefnt árátu og hvatvísiróf vaxið nokkur fiskur um hrygg (Pallanti og Hollander, 2008). Þær fela m.a. í sér að hvatvísi kunni að gegna hlutverki í árátu og þráhyggjuröskun og einkennum hennar (Á/Þ) og að einkenni árátu og þráhyggju fari saman við einkenni hvatvísiraskanana. Í ýmsum rannsóknum hafa komið í ljós tengsl Á/Þ við hvatvísi og einkenni athyglisbrests með ofvirkni (AMO) þar sem hvatvísi er áberandi (Anholt, Cath, van Oppen o.fl., 2009; Geller, Biederman, Faraone, o.fl., 2002). Tengsl Á/Þ við hvatvísi eru þó langt í frá stöðug og skiptir þar m.a. máli hvernig hvatvísi er mæld (Zermatten og Van der Linden, 2008). Þetta varð kveikjan að þeirri tilgátu að hvatvísi skipti máli fyrst og fremst m.t.t. Á/Þ ef hún fer saman við hugmyndir um að mikilvægt sé að gæta sín, að maður beri ábyrgð á því að ekkert fari úrskeiðis eða það sem í hugrænum kenningum um Á/Þ er nefnt ofurábyrgðarkennd (Salkovskis, 2000; Smári og Hólmsteinsson, 2001). Að baki tilgátunnar er það sem kalla mætti uppbótarlíkan um árátu og þráhyggju, þ.e.a.s. að árátta gegni því hlutverki að vega upp á móti erfiðleikum í minni, hegðunar/hugsunarstjórn o.s.frv. sem viðkomandi óttast að komi honum í bobba. Þetta gengur gegn hreinræktuðum hugrænum kenningum um Á/Þ sem ganga út frá því að fólk með vandann ýki bara fyrir sér t.d. hættu á mistökum. Rannsóknir eins höfunda þessarar greinar (Smári, Eiðsdóttir og Bouranel, 2008) benda í samræmi við þetta til þess að ef ofurábyrgð fer saman við hvatvísi/ofvirknieinkenni aukist enn áhrif hvors um sig á árátu og þráhyggjueinkenni. Þessi samvirkniáhrif komu fram enda þótt tekið hefði verið tillit til áhrifa þunglyndis og kvíða. Þetta má e.t.v. skilja þannig að þegar manni sem er eða finnst hann vera hvatvís finnst einnig að

hann beri mikla ábyrgð á því að ekkert beri út af í kringum hann sé hætt við að hegðun og hugsun sem ætlað er að fyrirbyggja skaða færast í aukana (Á/Þ). Frekari íslenskar rannsóknir (Snorrason, Smári og Ólafsson, 2008) benda til þess að slík samvirkni hvatvísi og ofurábyrgðarkenndar einskorðist ekki við hvatvísi þegar hún er metin með sjálfsmatstækjum.

Í þessari rannsókn var ætlunin að ganga feti framur í að kanna tengsl Á/Þ, ofurábyrgðarkenndar og hvatvísieinkenna í anda fyrrnefndra uppþátarhugmynda um Á/Þ. Þeirri tilgátu var varpað fram að tengsl hvatvísi og Á/Þ færu að nokkru leyti eftir því hvaða uppeldisáferðum foreldrar hefðu beitt á mótunarárunum. Ýmsar rannsóknir hafa bent til þess m.a. að ofverndun foreldra auki líkur á kvíðaröskunum almennt og Á/Þ röskun sérstaklega (Turgeon, O'Connor, Marchand og Freeston, 2002; Yoshida, Taga, Matsumoto og Fukui, 2005). Samkvæmt hugrænni kenningu Salkovskis og féлага (Coles, og Schofield, 2008; Salkovskis, Shafran, Rachman og Freeston, 1999) ætti þessum áhrifum að vera miðlað af ofurábyrgðarkennd en þau settu fram tilgátu í þá veru að ofverndun (*overprotection*) barna á mótunarárunum væri eitt af því sem gæti aukið líkur á ofurábyrgðarkennd og í kjölfarið árátu og þráhyggjueinkennum. En hér virðist hvatvísi kunna einnig að skipta máli. Á sama hátt og niðurstöður rannsóknar Jakobs Smára o.fl. (2008) bentu til þess að ofurábyrgðarkennd tengdist árátu og þráhyggjueinkennum, einkum og sér í lagi þegar manneskjan hefur takmarkað vald á hegðun sinni, virðist ekki úr vegi að vænta þess að ofverndun barna hafi ólík áhrif allt eftir því hvort hún beinist að þeim sem á auðvelt eða erfitt með að halda aftur af eða stjórna hegðun sinni. Það er með öðrum orðum áhugavert að kanna hvort samvirkni sé á milli ofverndunar í uppeldi og einkenna á borð við hvatvísi þegar kemur að ofurábyrgðarkennd og árátu og þráhyggjueinkennum. Því var þess vegna spáð að ofverndun yki þannig ofurábyrgðarkennd sem og árátu og þráhyggjueinkenni, en að þessi áhrif væru mest hjá þeim sem hvað minnsta stjórn hefðu á hegðun sinni, þ.e.a.s. þeim sem hvatvísir eru. Hugmyndin hér er sú að ofverndun skapi óvissu um hvað séu eðlilegar öryggisráðstafanir eða ábyrgð á því sem gerist í kringum mann og því

sé hætta á að viðkomandi teygi það sem hann telur vera á sína ábyrgð úr hófi fram og þá einkum ef hann hefur rekið sig á að honum verði gjarnan á í messunni og þetta auki í kjölfarið árátu og þráhyggjueinkenni.

Tilgátur voru eftirfarandi: 1) Einkenni hvatvísi/ofvirkni, bæði í fortíð og nútíð sýna fylgni við ofurábyrgðarkennd sem og árátu og þráhyggjueinkenni, 2) Ofverndun foreldra sýnir fylgni við ofurábyrgðarkennd sem og árátu og þráhyggjueinkenni, 3) Samvirkni er á milli hvatvísi og ofverndunar í þá veru að hvatvísi tengist aukinni ofurábyrgðarkennd sem og auknum árátu og þráhyggjueinkennum í ríkari mæli þegar ofverndun hefur verið beitt í uppeldi. 4) Áhrifum ofverndunar og hvatvísi á árátu og þráhyggju er ekki miðlað af kvíða og þunglyndi, en hins vegar af ofurábyrgðarkennd.

Aðferð

Þátttakendur

Úrtak rannsóknarinnar samanstóð af 570 þátttakendum 18 ára og eldri úr sex framhaldsskólum á Íslandi, framhaldsskólarnir voru allir fjölbrautaskólar. Af skólunum sex tilheyra fjórir höfuðborgarsvæðinu en tveir landsbyggðinni. Af úrtakinu voru 89% allra þátttakenda á aldursbilinu 18 – 23 ára. Kynjaskipting var sú að rúm 54% þátttakenda voru stúlkur en tæp 42% drengir, 4% tilgreindu ekki kyn sitt.

Mælingar

Árátu og þráhyggjuprófið (OCI-R) (Foa, et al., 2002). Þetta er 18 atriða próf. Það eru sex undirkvarðar, hver þeirra með 3 atriði: (1) Þvottaárátta, (2) Endurskoðun/efi, (3) Þráhyggja, (4) Hlutleysing, (5) Röðun og (6) Söfnun. Atriðin eru metin á fimm punkta kvarða á milli 0=allt ekki og 4=mjög mikið eftir því hve mjög einkenni höfðu truflað svaranda í undangenginni viku. Þáttabygging íslenskar gerðar prófsins var staðfest í rannsókn á stúdentum (Smári, Ólason, Eyþórsdóttir og Frölunde, 2007).

Ofurábyrgðarkenndarprófið (RAS) (Salkovskis, Wroe, Gledhill, Morrison, Forrester og Richards, 2000). Þetta er 26 atriða kvarði til

Þess að mæla ofurábyrgðarkennd. Atriðin eru metin á kvarða á milli „Alveg sammála“ (1) og alveg ósammála (7). Sálsmælingalegir eiginleikar hafa reynst góðir (Smári og Hólmsteinsson, 2001).

Samtíma og fortíðareinkenni athyglisbrests með ofvirkni (ADHD-SR) (Magnússon, Smári, Sigurðardóttir o.fl., 2006). Spurningalistinn byggist á greiningarviðmiðum DSM-IV fyrir athyglisbrest með ofvirkni. Atriðin eru metin á fjögurra punkta kvarða (*Aldrei eða sjaldan; Stundum; Oft; Mjög oft*). Tímaramminn eru undangengnir 6 mánuðir (AMO nú) eða fyrir sex ára aldur (fortíð). Níu atriði vísa til hvatvísi/ofvirkni og níu til athyglisbrests. Þessi kvarði hefur sýnt góðan svarendaáreiðanleika (sjálfur/athugandi) og samræmi á milli mats í tíma sem og samsvörun við niðurstöður staðlaðra greiningarviðtala (Magnússon o.fl., 2006). Í þessari rannsókn var það kvarði hvatvísi/ofvirkni (H/O) sem notaður var til að mæla hvatvísieinkenni.

Kvíða og þunglyndiskvarði til notkunar á sjúkrahúsum (HADS; Zigmond og Snaith, 1983). HADS er notað til að mæla vanlíðan hjá sjúklingum eða fólki sem þjáist af líkamlegum sjúkdómum. Kvarðinn samanstendur af 14 staðhæfingum, 7 sem snúa að kvíða og 7 að þunglyndi. Atriðin eru metin á fjögurra punkta kvarða. Íslensk gerð hefur sýnt góða sálsmælingalega eiginleika (Schaaber, Smári, og Oskarsson, 1990).

Próf fyrir uppeldishætti foreldra eða EMBU (sænsk stytting fyrir egna minnen om barndoms uppfostran). Þetta er spurningalisti þar sem svarendur meta eftir á minningar sínar um uppeldishætti foreldra sinna. Stytti útgáfa af EMBU sem notuð var hér var gerð af Arrindell, Sanavio, Aguilar o.fl. (1999). Hún samanstendur af 23 atriðum og þremur kvörðum: Höfnun, Hljóga og Verndun. Spurningum er svarað fyrir móður sérstaklega og föður sérstaklega á fjögurra punkta kvarða (Nei, aldrei = 1, Já, en sjaldan = 2, Já, oft = 3, Já, yfirleitt = 4). Íslensk þýðing Gísla H. Guðjónssonar, Jóns Friðriks Sigurðssonar, Hildar Finnbogadóttur og Unnar J. Smára (2005) var notuð í rannsókninni. (Of)verndunarkvarðinn sem hér skiptir mestu

máli hefur atriði sem vísa til ofverndunar, mikilla krafna og afskiptasemi. Í Arrindell og Engebretsen, (2000) má finna upplýsingar sem benda til góðs áreiðanleika og réttmætis þeirrar útgáfu EMBU sem hér var notuð.

Niðurstöður

Há fylgni reyndist vera á milli mats á ofverndun föður og móður í EMBU og var þeim kvörðum því slegið saman og skor á þeim kvarða sem þá varð til notuð í öllum útreikningum. Til þess að prófa tengsl á milli árattu og þráhyggju og ofurábyrgðar annars vegar og hvatvísi/ofvirkni og ofverndunar hins vegar var fylgni reiknuð á milli þessara breyta. Í því skyni að kanna tengsl á milli breytanna að tilliti teknu til geðslags var hlutfylgni einnig reiknuð þar sem áhrif kvíða og þunglyndis voru tekin út (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fylgni á milli OCI-R og RAS annars vegar og H/O nú, H/O þá, Ofverndunar hins vegar. Innan sviga hlutfylgni m.t.t. HADS-A og HADS-D

	H/O nú	H/O þá	Ofverndun
OCI-R	0,48** (0,32**)	0,32** (0,23**)	0,10* (0,07)
RAS	0,27** (0,10*)	0,19** (0,09*)	0,10* (0,07*)

** $p < 0,001$, * $p < 0,05$ (eins hala)

Svo sem sjá má reyndist OCI-R og RAS hafa marktæka fylgni við H/O nú, H/O þá sem og Ofverndun. Fylgni árattu og þráhyggjueinkenna við ofverndun var hins vegar ekki lengur marktæk þegar tekið hafði verið tillit til kvíða og þunglyndis ($p=0,06$). Mjög há fylgni var á milli H/O þá og nú (0,67, $p < 0,001$). Til þess að prófa tilgátur frekar var gerð fjölaðhvarfsgreining þar sem aldur og kyn voru þvingaðar inn á þrepi 1, HADS á þrepi 2, H/O nú og Ofverndun á þrepi 3, og samvirkni á milli ofverndunar og H/O nú á þrepi 4 (sjá töflu 2). Þegar samvirknin var könnuð nánar (aðfallsjafna borin saman einu staðalfráviki ofan og neðan meðaltals á breytunum H/O og ofverndun, sjá Jaccard og Turisi, 2003) kom í ljós, að hjá þeim sem einkenndust í minni mæli af einkennum H/O var marktæk jákvæð fylgni á milli ofverndunar og árattu og þráhyggjueinkenna ($b=0,12$ ($p=0,014$)), en ekki hjá fólki með einkenni H/O í ríkari mæli ($b=-0,06$ ($p > 0,10$)). Jafnframt kom

í ljós að meðal þeirra sem höfðu notið ofverndunar voru tengsl einkenna H/O við árattu og þráhyggju veikari ($b=0,22$ ($p<0,001$)) en meðal hinna sem ekki höfðu notið (of)verndunar ($0,40$ ($p<0,001$)). Þegar samvirknin var könnuð fyrir ofurábyrgð kom sama mynstur í ljós.

Tafla 2. Forspá um skor á A) OCI-R og B) Ofurábyrgðarkennd. Óháðar breytur: Aldur og kyn á þrepi 1, HADS á þrepi 2, H/O nú og Ofverndun á þrepi 3, og samvirkni á milli ofverndunar og H/O nú á þrepi 4.

A) OCI-R (þrep 4)

	beta	p
Aldur	0,08	> 0,05
Kyn	0,02	> 0,05
HADS	0,40	< 0,001
H/O nú	0,31	< 0,001
Ofverndun	0,03	> 0,05
H/O x Ofverndun	-0,10	< 0,01

R^2 þrep 1=0,002 (ómarktækt), $R^2 \Delta$ þrep 2=0,29 ($p<0,001$), $R^2 \Delta$ þrep 3=0,08 ($p<0,001$) og $R^2 \Delta$ þrep 4=0,01 ($p<0,01$).

B) Ofurábyrgðarkennd (þrep 4)

	beta	p
Aldur	0,07	> 0,05
Kyn	0,08	> 0,05
HADS	0,34	< 0,001
H/O nú	0,10	< 0,05
Ofverndun	0,06	> 0,05
H/O x Ofverndun	-0,08	< 0,05

R^2 þrep 1=0,002 (ómarktækt), $R^2 \Delta$ þrep 2=0,15 ($p<0,001$), $R^2 \Delta$ þrep 3=0,01 ($p<0,05$) og $R^2 \Delta$ þrep 4=0,006 ($p=0,05$).

Þetta var endurtekið með H/O þá í stað H/O nú. Framlag H/O þá sem og samvirkni á milli H/O þá og ofverndunar var hér marktækt með tilliti til árattu og þráhyggju en einungis H/O m.t.t. ofurábyrgðar.

Ef ofurábyrgð var sett inn í jöfnuna hér að ofan til þess að spá fyrir um Á/Þ hafði slíkt lítil áhrif á styrk annarra þátta, en ef á hinn bóginn Á/Þ var með sama hætti sett inn í líkan til þess að spá fyrir um ofurábyrgðarkennd sýndu H/O og samvirkni H/O og ofverndunar ekki lengur marktækt framlag í spásögn um ofurábyrgðarkennd. Þetta mætti túlka á þann veg að ólíklegt sé að ofurábyrgðarkennd miðli áhrifum H/O og samvirkni H/O og ofverndunar á Á/Þ

Umræða

Niðurstöður benda til þess að bæði fortíðar og nútíðareinkennum hvatvísi/ofvirkni spái fyrir um árattu og þráhyggjueinkennum. Ennfremur virðist ofverndun í bernsku hafa áhrif í þá veru þó veik séu að auka á árattu og þráhyggjueinkennum síðar. Nýstárlegustu niðurstöðurnar varða e.t.v. samvirkni á milli einkenna H/O og ofverndunar m.t.t. árattu og þráhyggjueinkenna. Þessi tengsl eru samt ólík því sem spáð hafði verið. Svo virðist sem tengsl hvatvísi/ofvirkni og árattu og þráhyggjueinkenna séu jákvæð og fremur sterk hjá þeim sem ekki hafa búið við ofverndun en fremur veik hjá hinum sem hafa búið við ofverndun. Þá tengist ofverndun einkennum Á/Þ hjá þeim sem hafa einkennum hvatvísi/ofvirkni í litlum mæli en ekki hjá hinum sem hafa þau í ríkari mæli. Þetta mætti e.t.v. túlka sem svo að enda þótt einkennum hvatvísi/ofvirkni sem og ofverndun auki hættu á Á/Þ síðar dragi tilraunir foreldra til þess að stjórna hegðun barna sinna úr þessari hættu þar sem á hinn bóginn slíkar tilraunir gera það ekki hjá börnum með minna af slíkum einkennum. Enda þótt tengsl H/O og ofverndunar við ofurábyrgð séu svipuð og við Á/Þ virðist samt ekki sem tengslum á milli hvatvísi/ofvirkni og/eða ofverndunar og Á/Þ sé miðlað af ofurábyrgðarkennd eins og hún er mæld með RAS a.m.k. Niðurstöður benda til mikilvægis þess að kanna samspil uppeldis og vitneskjuvinnslu/skapgerðar í rannsóknum á tilurð árattu og þráhyggju. Enda þótt sú tilgáta sem leidd var af uppbótarhugmyndum um Á/Þ fengi hér ekki stuðning má engu að síður benda á að tengsl H/O bæði í nútíð og fortíð við árattu og þráhyggju eru í samræmi við slíkar hugmyndir. Virðist því full ástæða til þess að rannsaka þær frekar sem hugsanlega viðbót við hreinræktaðar hugrænar kenningar um Á/Þ.

Heimildir

- Anholt, G., Cath, D., van Oppen, P., Eikelenboom, M., Smit, J., van Megen, H., og van Balkom, A. (2009). Do ADHD and autism symptoms predict specific OC symptom dimensions or OC symptom severity in OCD? *European Psychiatry*, 24, S1029.
- Arrindell, W. A., Sanavio, E., Aguilar, G., Sica, C., Hatzichristou, C., Eisemann, M., Reci-

- nos, L. A., Gaszner, P., Peter, M., Battagliese, G., Kállai, J., og van der Ende, J. (1999). The development of a short form of the EMBU: Its appraisal with students in Greece, Guatemala, Hungary and Italy. *Personality and Individual Differences*, 27, 613–628.
- Coles, M.E., og Schofield, C.A. (2008). Assessing the development of inflated responsibility beliefs: The pathways to inflated responsibility beliefs scale. *Behavior Therapy*, 39, 322-335.
- Foa, E.B., Huppert, J.D., Leiberg, o.fl. (2002). Obsessive-Compulsive Inventory: development of a short version. *Psychological Assessment*, 14, 485-496.
- Geller, D.A., Biederman, J., Faraone, S.V., o.fl. (2002). Attention-deficit/hyperactivity disorder in children and adolescents with obsessive-compulsive disorder: Fact or artifact? *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 41, 52-58.
- Gudjónsson, G.H., Sigurdsson, J.F., Finnbogadóttir, H. og Smári, U.J. (2006). Perceived parental rearing practices and false confessions. *Scandinavian Journal of Psychology*, 47, 361 – 368.
- Jaccard, J., og Turrise, R. (2003). *Interaction effects in multiple regression* (2nd ed.), Sage Publications, London.
- Magnússon, P., Smári, J., Sigurðardóttir, D., o.fl. (2006). Validity of self-report and informant rating scales of adult AMO symptoms in comparison with a semi-structured diagnostic interview. *Journal of Attention Disorders*, 9, 494-503.
- Pallanti, S., og Hollander, E. (2008). Obsessive-Compulsive Disorder Spectrum as a Scientific "Metaphor". *CNS SPECTRUMS*, 13, 6-15.
- Salkovskis, P., Shafran, R., Rachman, S., og Freeston, M.H. (1999). Multiple pathways to inflated responsibility beliefs in obsessional problems: possible origins and implications for therapy and research. *Behaviour Research and Therapy*, 37, 1055-1072.
- Salkovskis, P.M., Wroe, A.L., Gledhill, A. o.fl. (2000). Responsibility attitudes and interpretations are characteristic of obsessive compulsive disorder. *Behaviour Research and Therapy*, 38, 347-372.
- Schaaber, U. L., Smári, J., og Óskarsson, H. (1990). Comparison of the hospital anxiety and depression rating scale (HAD) with other depression and anxiety rating scales. *Nordic Journal of Psychiatry*, 44, 507-12.
- Smári, J., Ólason, D.T, Eyþórsdóttir, A., og Frölunde, M.B. (2007). Psychometric properties of the obsessive compulsive inventory-revised among Icelandic college students. *Scandinavian Journal of Psychology*, 48, 127-133
- Smári, J., og Hólmsteinsson, H. (2001). Intrusive thoughts, responsibility attitudes, thought-action fusion and chronic thought suppression in relation to obsessive-compulsive symptoms. *Behavioural and Cognitive Psychotherapy*, 29, 13-20.
- Smári, J., Bouranel, G., og Eiðsdóttir, S. (2008). Responsibility and impulsivity and their interaction in relation to obsessive-compulsive symptoms. *Journal of Behavior Therapy and Experimental Psychiatry*, 39, 228-233.
- Snorrason, I, Smári J., og Ólafsson, R.P. (2008). The interaction effect of impulsivity and responsibility in relation to obsessive-compulsive symptoms. *Ráðstefnurit. Ráðstefna VIII um rannsóknir í félagsvísindum.*
- Turgeon, L., O'Connor, K.P. Marchand, A., o.fl. (2002). Recollections of parent-child relationships in patients with obsessive-compulsive disorder and panic disorder with agoraphobia, *Acta Psychiatrica Scandinavica*, 105, 310–316
- Yoshida, T., Taga, C., Matsumoto, Y., o.fl. (2005). Paternal overprotection in obsessive-compulsive disorder and depression with obsessive traits. *Psychiatry and Clinical Neurosciences*, 59, 533-538.
- Watson, D. (2005). Rethinking the mood and anxiety disorders: a quantitative hierarchical model for DSM–V. *Journal of Abnormal Psychology*, 114, 522 –536.
- Zermatten, M., og van der Linden, M. (2008). Impulsivity in non-clinical persons with obsessive-compulsive symptoms. *Personality and Individual Differences*, 44, 1824-1830.
- Zigmond AS., og Snaith, R.P. (1983). The Hospital Anxiety and Depression Scale.

Acta Psychiatrica Scandinavica 67, 361-370.